



FÉLAG
ELDRI
BORGARA

Alþingi
Erindi nr. þ 121 / 464
komudagur 12 / 12 1996

Reykjavík 12. desember 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Við þökkum bréf yðar frá 6. desember s.l. sem við fengum boðsent.
Við höfum fylgst með umræðum í fjölmiðlum um málið. Hér er um viðamikil
mál að ræða sem snertir marga og reyndar allt þjóðfélagið.
Það var því nauðsynlegt að taka á þeim vanda, sem lífeyrismál opinberra
starfsmanna stefndu í.
Hér virðist vera lausn, sem er ásættanleg fyrir væntanlega ellilífeyrisþega og
mælum við með því að frumvarpið verði samþykkt.
Við höfum þó lagt áherslu á að ellilífeyrisþegi geti átt kost á að velja sér
starfslok innan ákveðins tíma.
Sé ákveðinn of "lágur aldur", verður það ef til vill til að viðkomandi er "þrýst"
út úr sinni vinnu, sem hefur haft mikla þýðingu og þá ekki bara fjárhagslega.
Við erum andvíg því að lækka starfsloka aldurinn.
Það er því augljóst að það er vandratað meðalhófið og ekki eingöngu hægt
að miða við erlenda staðla.
Sveigjanleiki er því sá háttur, sem við teljum eigi að gilda, þegar ákveða skal
starfslok bæði að ofan og neðan.

F.h. Félags eldri borgar
í Reykjavík og nágrenni,

Páll Gíslason læknir og formaður FEB.